


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Ágúst 2026

ESB aðildarviðræður – Þjóðaratkvæðagreiðsla


Enn er afar mjótt á munum þegar spurt er um fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu um að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið. Nú þegar tveir dagar eru í atkvæðagreiðslu segja fleiri nei í Þjóðarpúlsi Gallup, eða 51,6% á móti 48,4% sem segja já, en vikmörk eru +/- 2,4% og munurinn mælist því ekki tölfræðilega marktækur. Í síðasta Þjóðarpúlsi Gallup sem var birtur um miðjan mánuðinn sögðu fleiri já en nei en munurinn var þá heldur ekki tölfræðilega marktækur.

Ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram í dag þar sem spurt væri: „Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?“, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?



Yngsti aldurshópurinn er áberandi líklegri en aðrir aldurshópar til að segja nei en sá munur var ekki til staðar í síðustu mælingu. Sem fyrr eru íbúar höfuðborgarsvæðisins líklegri en íbúar landsbyggðarinnar til að segja já og fólk með háskóla-menntun líklegra en fólk með minni menntun að baki. Mikill munur er á viðhorfi fólks eftir því hvaða flokk það kysi ef kosið yrði til Alþingis í dag. Þau sem kysu stjórnarflokkana eða Vinstri græn eru líklegri til að greiða atkvæði með því að aðildarviðræður hefjist að nýju en þau sem kysu stjórnarandstöðuflokkana ólíklegri. Þetta endurspeglast einnig í greiningu eftir stuðningi við ríkisstjórnina.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Ýmislegt getur haft áhrif á viðhorf fólks á lokasprettinum svo sem fjölmiðlaumfjöllun, auglýsingar, frammistaða í umræðu-þáttum, herferðir hagsmunaaðila og skilaboð á samfélagsmiðlum. Auk þess getur kjörsókn ólíkra hópa haft áhrif á niður- stöðu atkvæðagreiðslunnar.

Spurt var:

- Ef þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram í dag þar sem spurt væri: „Á Ísland að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið?“, hvernig telur þú líklegast að þú myndir greiða atkvæði?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr net- og símakönnun sem Gallup gerði dagana 24. - 27. ágúst 2026. Heildarúrtaksstærð var 4.583 og þátttökuhlutfall var 39,1%. Vikmörk á hlutföllum já og nei eru 2,4 prósentustig. Úrtakið í netkönnun var tilviljunarúrtak úr Viðhorfahópi Gallup, en úrtakið í símakönnun var tilviljunarúrtak úr Þjóðskrá.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghals 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.